



Faxaflóamót
23. – 25. júní 2017
Siglingafélag Reykjavíkur, Brokey
Reykjavíkurhöfn, Akraneshöfn

TILKYNNING UM KEPPNI

1 REGLUR

- 1.1 Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í *Alþjóða kappsiglingareglum*, kappsiglingafyrirmælum SÍL og kappsiglingafyrirmælum mótsins.

2 HLU TG ENGI OG ÞÁTTTAKA

- 2.1 Mótið er opið öllum kjölbátum sem eru með gilda IRC-forgjöf og rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL.
- 2.2 Hlutgenga báta má skrá með því að senda tölvupóst fyrir kl. 20:00, 21. júní á netfangið brokey@brokey.is með heiti báts, seglanúmeri, forgjöf og heiti allra áhafnar meðlima ásamt félagsaðild þeirra og félag sem keppt er fyrir.

3 ÞÁTTTÖKUGJALD

- 3.1 Þátttökugjald er kr. 5.500 á hvern þátttakanda og greiðist áður en fyrsti skipstjórafundur hefst. Innifalið í því er þáttaka í grilli á föstudagskvöldinu.

4 TÍMAÁÆTLUN

- 4.1 Skráning:
Fyrir kl. 20:00 miðvikudaginn 21. júní.

4.2 Keppnis dagar:

<i>Dagsetningar</i>	<i>Keppni</i>
23. júní	frá Reykjavík til Akraness 15:30 Afhending kappsiglingarfyrirmæla 16:00 Skipstjórafundur 16:55 Viðvörunarmerki
24. júní	hafnarkeppni á Akranesi 9:00 Skipstjórafundur 9:55 Viðvörunarmerki fyrir fyrstu umferð
25. júní	frá Akranesi til Reykjavíkur 9:00 Skipstjórafundur 9:55 Viðvörunarmerki

5 MÆLINGAR

- Leggja skal fram gilt IRC-forgjafarskírteini fyrir hvern bát.

6 SIGLINGAFYRIRMÆLI

Siglingafyrirmælin verða afhent á skipstjórafundi.

7 KEPPNISSVÆÐI

7.1 Keppt verður við Reykjavíkurhöfn og Akranesshöfn og á leiðinni milli Reykjavík til Akraness.

8 BRAUTIRNAR

Brautir verða kynntar á skipstjórafundi hvers dags.

9 STIGAGJÖF

9.1 Notað verður lágstigakerfi skv. viðauka A þannig að 1. sæti gefur 1 stig, 2. sæti 2 stig o.s.frv. Sú áhöfn sem er með fæst stig samanlagt í öllum umferðum mótsins fer með sigur af hólmi.

- 9.2**
- (a) Þegar færri en 4 umferðum hefur verið lokið telst samanlögð stigatala úr umferðunum sem heildarstigatala í keppninni.
 - (c) Þegar lokið hefur verið við 4 umferðir eða fleiri telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskildinni einni lökustu umferðinni, sem heildarstigatala í keppninni.

10 BRYGGJUPLÁSS

Bátum verður vísað á laus pláss í Akranesshöfn.

11 FJARSKIPTI

Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki eru aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma. Keppnisstjórn notar rás 6 til samskipta.

12 VERÐLAUN

Veitt verða verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin samanlagt í öllum umferðum. Einnig verða veitt sérstök verðlaun fyrir Spretinn frá Reykjavík til Akraness.

13 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR

Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.

14 TRYGGINGAR

Hver bátur skal vera tryggður með gildri ábyrgðartryggingu.

15 FREKARI UPPLÝSINGAR

Frekari upplýsingar veitir keppnisstjóri, Jón Pétur Friðriksson, netfang: jp.fridriksson@gmail.com, sími: 6942314 .